



Launaþróun stöðug – launahækkunar töluvert umfram kjarasamninga

Launahækkunir áfram stöðugar

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli mars og apríl og heldur áfram að tifa í sama takti og verið hefur. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 7% í tæpt ár. Verulega hefur hægt á aukningu kaupmáttar launa og hefur kaupmáttur verið nokkuð stöðugur frá því um mitt ár 2017. Vegna þess að kaupmáttur var enn að aukast í apríl í fyrra var hann tæpum 5% meiri í apríl en hann var fyrir ári.

Upplýsingar um nákvæmara niðurbrot á launavísitölunni koma jafnan seinna en vísitalan sjálf. Nýjustu tölurnar um einstaka þætti vísitölnnar eru frá febrúar 2018.

Launahækkunir starfsstétta


Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári fram til febrúar 2018 var áberandi mest hjá tæknum og sérmenntuðu fólki. Segja má að þetta endurspeglar stöðu þessara hópa í efnahagslífinu um þessar mundir, en staða slíkra hópa er jafnan sterk þegar mikil eftirspurn er eftir vinnuafli. Það vekur athygli að laun stjórnenda hafa hækkað áberandi minnst á þessum 12 mánuðum.

Umræða á vinnumarkaðnum hefur verið að færast í þá átt að þörf sé á verulegri leiðréttingu lægstu launa. Þessar tölur um hækkun starfsstétta sýna að hækkun launa verkafólks hefur verið sú næst lægsta á einu ári.

Mikill munur á starfsstéttum yfir lengra tímabil


Sé þróun launa einstakra starfsstétta skoðuð yfir núverandi samningstímabil, sem er sama tímabil og var haft til viðmiðunar í SALEK samkomulaginu, má sjá að laun tækna og sérmenntaðs fólks annars vegar og verkafólks hins vegar hafa hækkað mest, eða um og yfir 32%. Munurinn gagnvart næstu hópum er þó ekki mikill. Launaramminn samkvæmt SALEK samkomulaginu var 32% frá árslokum 2014 fram til ársloka 2018. Flestir þessara hópa fengu 3% hækkun

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun starfsstétta
febrúar 2017 - febrúar 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



launa þann 1. maí sl. sem ekki er komin inn í vísitöluna þannig að launahækkunir á samningstímabilinu verða töluvert meiri en SALEK viðmiðin gerðu ráð fyrir. Athygli vekur að laun stjórnenda og sérfræðinga hafa hækkað mun minna en annarra hópa á þessu tímabili og á það sérstaklega við um laun stjórnenda þar sem launin hafa hækkað 10 prósentustigum minna en hjá hæsta hópnum.

Laun stóru hópanna

Sagan sýnir að launaþróun á opinbera og almenna markaðnum er yfirleitt mjög svipuð til lengri tíma. Yfir styttri tímabil er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða en þær jafnast alla jafna út.

Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, frá febrúar 2017 til febrúar 2018, má sjá að launahækkunir á almenna markaðnum hafa verið mestar og mun meiri en á opinbera markaðnum. Launahækkunir hjá sveitarfélögum hafa verið minnstar. Staða kjarasamninga einstakra hópa sem gerðir eru á mismunandi tímum skýrir yfirleitt þessa stöðu.

Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hafa laun hækkað langmest í flutningum og geymslu frá febrúar 2017 til febrúar 2018. Laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafa hækkað næstmest á þessu tímabili á meðan laun í framleiðslu hafa hækkað áberandi minnst. Launavísitalan hækkaði um 7,3% á þessum tíma þannig að laun í flutningum og geymslu hafa hækkað verulega umfram meðaltalið en laun í framleiðslu töluvert minna.


Töluvert launaskrið í gangi

Sé litið á tímabilið frá janúar 2015 til apríl 2018 má sjá að launavísitalan hefur hækkað töluvert umfram samningsbundnar hækkunir sem sýnir að launakostnaður fyrirtækjanna hefur hækkað meira en samið var um í heildarkjarasamningi. Það passar auðvitað vel við hagsveifluna á þessum tíma og þýðir að staðbundnir samningar og hreint launaskrið hafa hækkað launin umfram það sem gert var ráð fyrir.

Meiri hækkun launa hér en í samkeppnislöndum


Launakostnaður á framleidda einingu hækkaði um tæp 17% hér á landi frá 2014 til 2017. Á sama tíma

Launabreytingar frá 4. ársfj. 2014 til febrúar 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun einstakra hópa febrúar 2017 - febrúar 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun í atvinnugreinum febrúar 2017 - febrúar 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




var samsvarandi hækkun um 6% í Þýskalandi og 3,3% á Evrusvæðinu öllu. Það gefur augaleið að þessi staða hefur verið og er íslenskum útflutningsgreinum mjög erfið. Hér koma bæði til miklar launahækkanir hér á landi og styrking krónunnar á þessum tíma.

Logn á undan stormi?

Ætla má að umræða um vinnumarkaðinn og komandi kjarasamningslotu hefjist að fullu síðsumars eða þegar líða tekur á haustið. Miðað við orðræðu verkálýðshreyfingarinnar má ætla að málin fari kannski í aðra farvegi en verið hefur á síðustu árum. Nýjar niðurstöður um viðhorfsbreytingu meðal stjórnenda fyrirtækja um aðstæður í atvinnulífinu benda til þess að áhyggjur af þróun á vinnumarkaði séu miklar.

Launakostnaður á framleidda einingu



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.